

Kópavogur, 14.11.2018

Umsögn um frumvarp til umferðarlaga

Góðan dag,

Ég vil hér með koma með athugasemdir varðandi tvær greinar í frumvarpi til umferðarlaga sem er birt á vef Alþingis, www.althingi.is

Grein laga	Núverandi orðalag	Nýtt orðalag
3.gr. Skilgreiningar	44. Ökuljós: Lögboðin aðalljós eða dagljós sem loga að framan og að aftan á ökutæki.	44. Ökuljós: Lögboðin aðalljós eða dagljós sem loga að framan og geta tengst ljósum að aftan á ökutæki.

Skýringar:

Bætt við: „...geta tengst ljósum...“

Við dagsbirtu og góð skilyrði eru dagljós fullnægjandi og þau þurfa ekki að vera tengd afturvísandi (stöðu)ljósum. Frá 1.júlí 2016 var skylda að nýjar gerðarviðurkenningar hjá ökutækjaframleiðendum séu búin ljósskynjara sem kveikir sjálfvirk á ökuljósum (og afturvísandi stöðuljósum) þegar birtuskilyrði eru ófullnægjandi fyrir dagljós. Danmörk hefur t.d. ekki gert það að kröfu að kveikt sé á afturvísandi stöðuljósum með dagsljósum heldur hafa þeir lagt áherslu á að fólk kveiki á ljósunum þegar birtuskilyrði eru ófullnægjandi. Við góð birtuskilyrði er mjög takmarkað hvað 5W afturvísandi stöðuljós er sýnilegt. Einnig má velta fyrir sér hvort hemlaljós sjáist ekki betur á ökutæki við góð birtuskilyrði þegar afturvísandi stöðuljós eru slökkt.

Ríkar áherslur eru gerðar til samfélagsins eru um að draga úr eldsneytisnotkun (og þar með mengun) en með að gera það að kröfu að kveikt sé alltaf á afturvísandi stöðuljósum (og þar með aðalljósum að framan) kemur ökutækið til með að eyða meira af eldsneyti. Það að undanskilja afturvísandi stöðuljós frá tendrun dagsljósa var hluti af orkusparandi aðgerðum Evrópusambandsins árið 2011.

Að auki getur reynst ómögulegt að breyta ljósabúnaði ökutækis í dag á þann veg að afturvísandi stöðuljós tendrist með dagsljósum sem þýðir það að lágur ljósgeisli aðalljósa skal tendrast með, sem þýðir eins og áður sagði enn meiri orkunotkun á þeim tímum sem dagsljós ættu að vera fullnægjandi.

Grein laga	Núverandi orðalag	Nýtt orðalag
34. gr. Ljósanotkun.	<p>Við akstur vélknúins ökutækis skulu lögboðin ökuljós ávallt vera tendruð.</p> <p>Við akstur annarra ökutækja en vélknúinna, s.s. reiðhjóla, skulu lögboðin ljós vera tendruð í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er vegna veðurs eða af öðrum ástæðum ófullnægjandi, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið.</p> <p>...</p> <p>Nota skal lágan ljósgeisla þegar ekki er skylt eða heimilt að nota háan ljósgeisla.</p> <p>...</p>	<p>Við akstur vélknúins ökutækis skulu ökuljós ávallt vera tendruð.</p> <p>Við akstur annarra ökutækja en vélknúinna, s.s. reiðhjóla, skulu framvísandi hvít eða gul ljós, og afturvísandi rauð ljós, vera tendruð í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er vegna veðurs eða af öðrum ástæðum ófullnægjandi, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið.</p> <p>...</p> <p>Nota skal lágan ljósgeisla þegar ekki er skylt eða heimilt að nota háan ljósgeisla eða dagljós.</p> <p>...</p>

Skýringar:

Lögboðin fellt út, þar sem búið er að skilgreina ökuljós í 3. gr. Einnig er lagt til að litur ljósanna á öðrum en vélknúnum ökutækjum sé nefndur hér, sbr. „...skulu framvísandi hvít eða gul ljós, og afturvísandi rauð ljós...“

Bætt er við „...eða dagljós“ því þau eru einnig heimil skv. skilgreiningu ökuljósa.

Virðingarfyllt,

Kristján Pétur Hilmarsson

kristjanpetur@hotmail.com